

8. ágúst 2018

Minnisblað

Samtarfsverkefni um stöðumat og íhlutun vegna nemenda af erlendum uppruna

Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar, skólaþjónusta Árborgar og Reykjanesbæjar hafa átt í samstarfi um þróunarverkefni sem gengur m.a. út á það að styrkja nám, líðan og félagslega stöðu nemenda af erlendum uppruna í skólum. Markmið þess er að styðja skólana í að staðsetja nemendur af erlendum uppruna hvað varðar fyrri þekkingu og reynslu. Niðurstöður matsins auðvelda skólunum að skipuleggja nám nemandans út frá styrkleikum hans og þörfum.

Skipan undirbúnings- og faghóps

Aneta Figlarska, Árborg
Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Hafnarfjörður
Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Reykjanesbæ
Helgi Arnarson, Reykjanesbæ
Hrund Harðardóttir, Árborg
Kolfinna Njálisdóttir, Reykjanesbæ
Kristrún Sigurjónsdóttir, Hafnarfjörður
Þorsteinn Hjartarson, Árborg
Þórdís Helga Ólafsdóttir, Hafnarfjörður

Staða verkefnisins 3. ágúst 2018

Verkefnið fékk styrk frá Sprotasjóði að upphæð 2.350.000 kr.

Lækjarskóli er ábyrgðarskóli fyrir umsókninni. Auk þess hefur verið sótt um styrk í þróunarsjóð innflytjendamála en góður styrkur úr þeim sjóði myndi auðvelda allan framgang þessa mikilvæga verkefnis. Þórdís H. Ólafsdóttir sérkennslufulltrúi Fræðslu – og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar heldur utan um styrkinn.

- Gyða Arnmundsdóttir fyrrum sérkennslufulltrúi í Reykjanesbæ mun sjá um að þýða stöðumatið. Þessa dagana er verið að ganga frá samningi við hana. Hún mun skila af sér þýðingunni í október 2018.



HAFNARFJÖRÐUR

- Stefnt er að því að halda námskeið fyrir kennarateymi og starfsfólk skólaþjónustu þessara þriggja sveitafélaga í samstarfi við sænska samstarfsaðila, um það bil 40 manna hópur. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á þekkingu og færni í að leggja fyrir og nýta stöðumatið. Skipulag og undirbúningur námskeiðsins er þegar byrjaður og hefur Þórdís H. Ólafsdóttir haft samband við Annelie Hultgren kennara nemenda með sænsku sem annað tungumál í Svíðþjóð, hún hefur starfað í 25 ár hjá skólum í Malmö og mun hún kenna á þessu námskeiði. Stefnt er að því að halda námskeiðið í janúar eða febrúar 2019.

Kynning á verkefninu í framhaldi.

- Allir skólar á landinu fá kynningarefni þegar verkefnið er tilbúið.
- Skrif í fjölmiðla og ýmis fagtímarit.
- Fræðslufundir.
- Þátttaka í ráðstefnum, svo sem Menntakvikun og haustþingum kennara.

Tekið saman af:

Þórdísi Helgu Ólafsdóttur

Sérkennslufulltrúa fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu